

Fundur í stjórn FUM, haldinn þann 10. febrúar 2023

Fundarstaður: Stakkahlíð, bókasafn – fundarherbergi

Mættir: Anna Magnea Hreinsdóttir, Halldóra Pétursdóttir, Jóhann Örn Sigurjónsson, Tryggvi Thayer, Sigríður Margrét Sigurðurðardóttir og Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Svava Björg Mörk, , Ívar Rafn Jónsson.

1. Halldóra og Tryggvi sögðu frá undirbúningsfundi vegna ráðstefnu um starfendarannsóknir með Ingvari Sigurgeirssyni og fleirum. Verður líklega haldinn í Menntaskólanum við Sund. Þeir aðilar sem koma að ráðstefnunni eru, rannsókn um skólaþróun, félag um starfendarannsóknir og Fum. Einnig jafnvel fleiri, Dalsskóli – Krikaskóli, og einstaklingar af vettvangi. Undirbúningshópur fundar áfram.
2. Heimasíða og FB síða – Tryggvi sagði frá og er búin að setja inn upplýsingar um nýja stjórn. Einfalda þarf valmyndir og búa til nýtt sniðmát – er barnsins tíma. Mikilvægt að fara í þetta því síðan er ekki mjög aðgengileg. Tryggvi tekur að sér.
3. Hádegisfundir „nestisfundur“ . Fundurinn ræddi fundarefnið – Gildi menntarannsóknna til þróunar skólstarfs. Anna Magnea tekur að sér að heyra í Sverri Óskarssyni hjá Menntamálastofnun sem hefur verið að skoða það efni. Einnig voru Rúnar Sigþórsson og Guðmundur Engilbertsson, einnig nefndir. . Stefnt á dagana 22. Eða 29. mars, miðvikudagar.
4. Verkáætlun: Anna Magnea fór yfir: Hádegisfundur í mars – ráðstefna í maí, aðalfundur í haust, jafnvel hádegisfundur í mars '24. Rætt var um að leggja vinnu í systrafélögin á Norðurlöndunum, efla félagaskrána og svo auðvitað heimasíðuna. Anna Magnea ræddi einnig komu fræðikonunnar Alison Clark þann 5. maí n.k. Hún verður m.a. með erindi á morgunverðarfundum Rannung.
5. Önnur mál: Jóhann greindi frá reikningamálum. Félagið er í viðskiptum við Landsbankann en ekki Íslandsbanka eins og haldið var í upphafi. Hann vinnur að prókúrumálum og verður með upplýsingar á næsta fundi.

Fundi slitið kl. 14:00